

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um fósturbörn í sveitum.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Hversu mörg börn á vegum Barnaverndarstofu eða barnaverndarnefnda voru vistuð hjá fósturforeldrum í sveitum árið 2001? Hversu mörg þessara barna voru á skólaskyldu-aldri?
2. Hvernig skiptist kostnaður við vistun barna á milli lögheimilissveitarfélags og þess sveitarfélags sem barnið var vistað í?
3. Hver var endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fósturbarna í sveitum?